

Reglur þessar eru settar skv. heimild í 2. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 50, 30. mars 1987 og koma til framkvæmda þegar í stað.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga, um umferð í Kópavogi, sem brjóta í bága við ákvæði auglýsingar þessarar.

Lögreglustjórinn í Kópavogi, 28. október 1988.

Ásgeir Pétursson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 178, 8. apríl 1988, um gjald af erlendum lánnum, leigusamningum o.fl.

1. gr.

Í viðauka með reglugerð nr. 178/1988 skal bætast eftirtalið tollskrárnúmer:

3917.3900

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í V. kafla laga nr. 10/1988, um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum 1988 og með vísan til 3. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 178/1988, öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 14. nóvember 1988.

F. h. r.

Lárus Ögmundsson.

Ari Edwald.

AUGLÝSING

um staðfestingu deiliskipulags miðbæjar Garðabæjar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 2. nóvember 1988 staðfest deiliskipulagsupprátt af miðbæ Garðabæjar.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir. Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins mælt með því að hann verði staðfestur.

Félagsmálaráðuneytið, 10. nóvember 1988.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólfríður Snæbjörnsdóttir.